

25. maí 2016

Nefndarsvið Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar : Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir), mál 631 á 145. löggjafarþingi

Vísað er til fundar með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, þann 20.maí sl. þar sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) kynntu umsögn sína um frumvarpið fyrir nefndinni.

Á fundinum kom fram ósk frá nefndinni að SFF kæmi með hugmyndir um hvernig mætti útfæra nánar þá tillögu SFF að heimildir lífeyrirssjóða til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu væru rýmkaðar frá því sem lagt er til í frumvarpinu en þar er sett 15% hámark á eignarhlut í slíkum félögum.

Tillaga SFF byggir á því að svo þröng mörk gætu torvelað lífeyrissjóðum aðkomu að ýmsum fjárfestingarverkefnum. Landssamtök lífeyrissjóða koma með sömu athugasemd í sinni umsögn um frumvarpið. Þau leggja til breytingu á 7. mgr. b. liðar 6. gr. frumvarpins sem er svofelld :

„Lífeyrissjóði er ekki heimilt að eiga meira en 25% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild þeirra. Þrátt fyrir þetta er lífeyrissjóði ekki heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé félaga sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 2. mgr. 36. gr. b“.

Samtök fjármálafyrirtækja telja að þessi tillaga sé ásættanleg lausn til að koma til móts við þessi sjónarmið, en minna jafnframt á þá ábendingu sína að þessi mörk ættu ef til vill að vera enn hærri eða á bilinu 25% - 50%.

Virðingarfyllst,



fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja